



Til sýslumannsins í/á

Nafn umsækjanda	Kennitala	
Lögheimili		Netfang
Staður	Póstnúmer	Sími

Nafn barnsins	Kennitala	
Lögheimili		
Staður	Póstnúmer	

Framlags er hægt að óska á grundvelli þess að foreldri barns sé látið, að barn hafi ekki verið feðrað eða að móður barns njóti ekki við vegna sérstakra eða óvenjulegra aðstæðna, sbr. 20. gr. a í lögum um almannatryggingar. Tilgreinið hér hvað á við:

<input type="checkbox"/>	Foreldri barns er látið. Nafn látins foreldris: Ef látið foreldri var ekki skráð á þjóðskrá, þarf að leggja fram dánarvottorð þess.
<input type="checkbox"/>	Barnið er ófeðrað.
<input type="checkbox"/>	Móður barns nýtur ekki við vegna sérstakra eða óvenjulegra aðstæðna. Gerið grein fyrir því nánar hér að neðan.

Ef móður nýtur ekki við vegna sérstakra eða óvenjulegra aðstæðna skal það útskýrt nánar hér og eftir atvikum lögð fram gögn því til stuðnings:

--

Samkvæmt 20. gr. a almannatryggingarlaga skal senda sýslumanni beiðni um framlag innan þriggja mánaða frá því að svara varð til útgjalda nema eðlileg ástæða hafi verið til að bíða með slíka kröfu. Almenn er því miðað við að krafa skuli berast innan þriggja mánaða frá þeirri dagsetningu sem tilgreina ber hér að ofan.

Viðurkennt er að eðlilegt kunni að vera að bíða með kröfu vegna samfelldrar meðferðar, svo sem tannréttinga, þar til meðferð er lokið. Þegar um tannréttingar er að ræða er lítið svo á að samfelldri meðferð ljúki þegar föst tæki eru fjarlægð af tönnum. Beiðni um framlag þarf því að leggja fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því tímamarki. Með beiðni vegna tannréttinga þarf að leggja fram bréf eða vottorð frá tannréttingalækni, þar sem framvindu meðferðar er lýst, m.a. varðandi föst tæki. Leggja þarf fram yfirlit eða kvittanir/reikninga frá tannréttingalækni til staðfestingar á þeim útgjöldum sem um ræðir.

Um fjárhæð framlags gilda viðmiðunarfjárhæðir sem gefnar eru út árlega af dómsmálaráðuneytinu vegna sérstakra framlaga á grundvelli 60. gr. barnalaga 76/2003. Fjárhæðirnar má sjá á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is). Sömu leiðis verður að líta svo á að önnur sjónarmið sem beitt hefur við ákvarðanir sýslumanna á sérstöku framlagi samkvæmt 60. gr. barnalaga, eigi við um ákvarðanir samkvæmt 20. gr. a í lögum um almannatryggingar.

Tilgreinið hér hvaða framlagi er óskað eftir, hvaða upphæð er farið fram á og dagsetningu athafnar eða reiknings.

Framlagið óskast vegna
Dagsetning athafnar / reiknings:
Heildarupphæð útlagðs kostnaðar samkvæmt meðfylgjandi gögnum er kr. Farið er fram á að upphæð framlags nemi kr.
Ef við á, upplýsingar um tannréttingar: Föst tæki voru fjarlægð:



Ef beiðni er lögð fram eftir að þrjú mánuðir eru liðnir frá dagsetningu hér að ofan, gerið grein fyrir ástæðum þess að eðlilegt hafi verið að biða með kröfuna.

Ef farið er fram á framlag vegna sjúkdóms, skal gera grein fyrir því hér, einnig þarf að fylgja með læknisvottorð. Vakin er athygli á að litið hefur verið svo á að langvarandi eða varanleg veikindi barns heyri ekki undir reglur um sérstakt framlag samkvæmt barnalögum, einungis tímabundin eða tilfallandi veikindi.

Ef farið er fram á framlag af „öðru sérstöku tilefni“, skal því tilefni lýst og eftir atvikum lögð fram gögn til stuðnings kröfunni.

Framlag er einungis hægt að ákveða vegna barna sem greiddur er barnalífeyrir með skv. 20. gr. almannatryggingarlaga.

Skjöl sem fylgja umsókninni. Merkið við það sem við á:

Reikningar, kvittanir, til staðfestingar á útgjöldum.

Forsjárvottorð barns, útgefið af Þjóðskrá Íslands, ekki eldra en 30 daga gamalt.

Dánarvottorð foreldris, ef foreldrið var ekki skráð á Þjóðskrá. (Það getur átt við erlent foreldri, sem ekki bjó á Íslandi.)

Ef um tannréttingar er að ræða, bréf frá tannréttingalækni um framvindu meðferðar.

Ef um tannréttingar er að ræða, yfirlit frá tannréttingalækni um kostnað við meðferðina.

Læknisvottorð, ef beiðni er byggð á sjúkdómi barns.

Önnur gögn erindinu til stuðnings:

**Undirritað foreldri/framfærandi barnsins óskar eftir að sýslumaður úrskurði um framlag samkvæmt 20. gr. a í lögum um almannatryggingar, með vísan til framangreindra upplýsinga.**

Annað sem óskað er eftir að koma á framfæri:

Ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt bestu vitund. Ég geri mér ljóst að rangar upplýsingar í umsókn þessari varða refsíabyrgð samkvæmt almennum hegningarlögum nr. 19/1940.

Dagsetning og undirskrift umsækjanda:

**Málsmeðferð sýslumanns:**

Sýslumaður aflar upplýsinga frá Tryggingastofnun ríkisins um greiðslu barnalífeyris og um greiðsluþátttöku Sjúkratrygginga Íslands ef um tannréttingar er að ræða. Ef sýslumaður telur þörf á frekari gögnum eða upplýsingum frá málshefjanda, er haft samband og þeirra óskað. Þegar nægileg gögn liggja fyrir tekur sýslumaður ákvörðun í formi úrskurðar um framlagið. Úrskurður er sendur málshefjanda í ábyrgðarbréfi.

Eftir að sýslumaður hefur úrskurðað um framlagið, getur Tryggingastofnun ríkisins ákveðið greiðslu á framlaginu til umsækjanda. Umsækjandi þarf því að sækja um greiðslu hjá Tryggingastofnun ríkisins, að fengnum úrskurði sýslumanns. Bent er á [www.tr.is](http://www.tr.is)

Ef sýslumaður hafnar framlagi, eða fellst ekki á kröfuna að fullu, er hægt að kæra úrskurð hans til Úrskurðarnefndar velferðarmála innan þriggja mánaða frá dagsetningu hans, sjá 1. mgr. 13. gr. laga 100/2007 um almannatryggingar. Bent er á [www.urvel.is](http://www.urvel.is)